Gerður Gústavsdóttir

Til : Hulda Hauksdóttir
Frá : Gerður Gústavsdóttir
Heiti : Roðagyllum heiminn
Málsnúmer : 2111239
Málsaðili : Soroptimistaklúbbur Hafn/Garðab
Skráð dags : 15.11.2021 22:04:37
Höfundur : Gerður Gústavsdóttir

Viðhengi
image001.png
image002.png

Sæl Hulda

Ég sendi þetta erindi fyrir hönd verkefnisstjórnar Soroptimistaklúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi. Soroptimistar stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu. Eitt helsta markmið Soroptimista er að liðsinna konum í baráttunni fyrir jafnrétti og frelsi frá félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum takmörkunum með því að veita fræðslu og menntun. Soroptimistar móta, framkvæma og afla fjármagns til verkefna á hverju ári sem hafa að markmiði að bæta efnahagslega stöðu kvenna og fjölga tækifærum þeirra. Soroptimistar berjast gegn hvers konar ofbeldi í garð kvenna og stúlkna. Í næstum heila öld hafa Soroptimistar unnið sleitulaust að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum og tryggja aðkomu kvenna að friðarumleitunum. Í Alþjóðasamtökunum eru yfir 80.000 félagar í 127 löndum. Soroptimistar eiga ráðgefandi fulltrúa hjá hinum ýmsu stofnunum Sameinuðu þjóðanna og eiga einnig ráðgjafaraðild að Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC).

Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú á tímum COVID-19 að vekja athygli á þeirri staðreynd að ofbeldi gegn konum hefur aukist í heiminum. Dagana 25. nóvember til 10. desember munu Alþjóðasamtök Soroptimista, ásamt fjölda annarra félagasamtaka, standa fyrir sextán daga átaki á heimsvísu sem nefnist ?Orange the world?. Markmiðið er að vekja athygli á ofbeldi gegn konum undir heitinu ?Roðagyllum heiminn?.
Þessi litur táknar bjartari framtíð án ofbeldis.

Til að vekja athygli á þessu áhugaverða verkefni höfum við sett okkur markmið um að ?roðagylla Ísland?, og hvetjum við fyrirtæki og stofnanir til þátttöku með því að lýsa upp byggingar sínar í appelsínugulum lit.
Við hvetjum jafnframt landsmenn alla til að veita þessum málaflokki athygli.

Erindið er að kanna hvort Garðabær sjái sér fært að taka þátt í átakinu með okkur og lýsa upp turninn með appelsínugula litnum þessa daga sem vitundarvakningin er þ.e. 25. nóvember til 10. desember í ár. Garðabær tók þátt í þessu verkefni með okkur fyrir ári síðan og vonum að undirtektirnar verði jákvæðar í ár líka. Flestir nýta sér það að setja appelsínugula filmu á kastara sem eru notaðir til að lýsa upp byggingar.

Við munum mynda þær byggingar sem taka þátt í Hafnarfirði og Garðabæ og vekja athygli á þátttakendum í fjölmiðlum um allt land. Það væri okkur ákaflega mikils virði og til mikillar ánægju ef af þessu gæti orðið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

með kærleikskveðju,

f.h. Soroptimistaklúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar

Gerður Gústavsdóttir

"Þessi tölvupóstur og viðhengi gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og eru eingöngu ætluð þeim sem þau eru stíluð á. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður gætið þá fyllsta trúnaðar. Öll afritun og dreifing er óheimil. Vinsamlega eyðið sendingunni og tilkynnið til sendanda sbr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.".

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026